

Ákærði framdi brotið ári síðar en í ákæru greinir, en það hefur ekki áhrif á úrslit málsins sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ekki hafa verið leidd rök að því að tjón Mýrdalshrepps nemi skaðabóta-kröfunni í málinu, né heldur að rétt hafi verið að reisa girðinguna aftur á sama stað án frekara samkomulags eða heimildar, en Mýrdalshreppur hafði. (sic)

Verður því að vísa skaðabótakröfunni frá sem órökstuddri.

Rétt þykir að fresta skuli ákvörðun refsingar í 2 ár samkvæmt 57. gr. almennra hegningalaga nr. 19/1940.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakakostnaðar, þ. á m. málsvarnarlauna kr. 10.000,00 til skipaðs verjanda síns, dr. juris Gauks Jörundssonar.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun refsingar í máli þessu er frestað í 2 ár frá 1. júlí 1986.

Frestun ákvörðunar refsingar í máli þessu er bundin því skilyrði að ákærði Einar Sverrisson, Kaldrananesi, gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum.

Skaðabótakröfunni í málinu er vísað frá dómi.

Ákærði Einar Sverrisson greiði allan kostnað málsins, þ. á m. málsvarnarlaun kr. 10.000,00 til skipaðs verjanda síns, dr. juris Gauks Jörundssonar.

Miðvikudaginn 11. mars 1987.

Nr. 23/1986.

Fálkinn h/f

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs

(Sigurmar K. Albertsson hdl.)

Skyldusparnaður. Verðbætur. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlends-

dóttir, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1986. Hann krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða 490.881,00 krónu með vöxtum og vaxtavöxtum þannig: 15% ársvöxtum frá 1. febrúar 1984 til 10. maí s.á. en síðan með dómvöxtum til greiðsludags og vöxtum verði bætt við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist að málskostnaður verði felldur niður.

Ágreiningur aðilja málsins snýst um það hvort áfallnir ógreiddir dráttarvextir af opinberum gjöldum áfrýjanda 1. febrúar 1979 eigi að valda því að hann fari á mis við verðbætur á skyldusparnað vegna verðlagshækkana á árinu 1979. Skilja ber málflutning þeirra svo að fjárhæð dráttarvaxtaskuldarinnar hafi numið 12.718,00 nýkrónum. Svo sem fram kemur í héraðsdómi var sá skilmáli fyrir greiðslu verðbóta settur í 6. gr. laga nr. 3/1978 að „sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. febrúar 1979 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum,“ og í 3. mgr. 5. gr. laganna segir að skyldusparnaður teljist að fullu greiddur þegar „fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði.“ Við hina almennu álagningu 1978 námu opinber gjöld áfrýjanda 849.457,90 nýkrónum, þar á meðal aðstöðugjald 116.845,00 nýkrónur og kirkjugarðsgjald 2.687,43 nýkrónur. Samkvæmt skýrum orðum laganna skipta hér aðeins máli þinggjöld „til ríkissjóðs“. Ekki er deilt um að áfrýjandi hafi 15. janúar 1979 lokið við að greiða alla álagninguna 849.457,90 nýkrónur. Hafði hann þá greitt Gjaldheimtunni mun hærri fjárhæð en nam þinggjöldum til ríkissjóðs og skyldusparnaði. Samningar innheimtuaðilja Gjaldheimtunnar um skiptingu þessa fjár sín á milli þykja ekki binda áfrýjanda í þessu sambandi. Að vísu mælti áfrýjandi ekki fyrir um það til lúkningar hvaða sköttum greiðslur hans skyldu ganga, en sú vangæsla hans þykir ekki eiga að valda því að hann glati kröfu sinni til verðbótanna.

Samkvæmt framanrituðu ber að taka kröfu áfrýjanda til greina.

Fallast ber á kröfu áfrýjanda um vaxtafót og ekki er ágreiningur um upphafstíma vaxta.

Einnig ber að fallast á það, að í kröfu um dómvexti samkvæmt lögum nr. 56/1979 felist krafa um vaxtavexti, ella verða þeir ekki „jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir eins og og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, þannig að sem fyllst tillit sé tekið til varðveislu á verðgildi fjármagns;“ eins og kveðið er á í lögnum. Leggja skal áfallna dómvexti við höfuðstól á 12 mánaða fresti talið frá 10. maí 1984. Lagarök standa hins vegar ekki til þess að leggja vexti þá sem á féllu fram að þeim tíma við höfuðstól eins og krafa er gerð um í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 150.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Fálkanum h/f, 490.881,00 krónu með 15% ársvöxtum frá 1. febrúar 1984 til 10. maí s.á. en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Leggja skal áfallna dómvexti við höfuðstól skuldarinnar við vaxtareikning á 12 mánaða fresti talið frá 10. maí 1984.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar
Halldórs Þorbjörnssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.**

I.

Við almenna álagningu árið 1978 voru lögð á áfrýjanda opinber gjöld að fjárhæð samtals 84.945.790,00 gkr., að meðtöldum skyldu-sparnaði samkvæmt lögum nr. 3/1978. Gjöld þessi voru að miklum hluta þinggjöld til ríkissjóðs en að hluta önnur opinber gjöld, svo sem aðstöðugjald til borgarsjóðs o.fl.

Í Reykjavík fer Gjaldheimtan með sameiginlega innheimtu opinberra gjalda. Galt áfrýjandi áðurgreind gjöld sín til hennar með samtals 8 greiðslum, hinni fyrstu 15. febrúar 1978 en hinni síðustu 15. janúar 1979. Greiðslur þessar innti áfrýjandi af hendi upp í opinber gjöld sín — fyrirfram áætluð eða álögð eftir því hvenær greitt var — án tilgreiningar á því að þær væru ætlaðar til lúkningar tiltekinna gjalda. Þarf ekki í þessu máli að gefa því gaum hverja þýðingu slík tilgreining hefði haft fyrir málsúrslit ef til hennar hefði komið.

Ágreiningslaust er að á þessum tíma voru greiðslur til Gjaldheimtunnar látnar ganga upp í höfuðstól álagðra gjalda á undan áföllnum dráttarvöxtum af gjöldunum.

Taldist áfrýjandi með greiðslunni 15. janúar 1979 vera búinn að gera skil á höfuðstól hinna álögðu gjalda, 84.945.790,00 gkr. Þar sem hann hafði hins vegar ekki innt allar greiðslurnar af hendi á réttum gjalddögum voru honum hinn 13. janúar 1979 færðar til skuldar á gjaldareikningi sínum 1.318.820,00 gkr. í dráttarvexti. Vegna skattbreytinga lækkaði sú skuld þó í 1.271.821,00 gkr. Eru aðiljar sammála um að sú hafi verið skuld áfrýjanda hinn 1. febrúar 1979.

II.

Um skyldusparnaðarfé það sem innheimt var samkvæmt lögum nr. 3/1978, og áfrýjanda var gert að greiða, eru þau ákvæði í 5. mgr. 5. greinar laga þessara að það skuli vera bundið vaxtalaust á reikningi greiðanda til 1. febrúar 1984, en með verðtryggingu. Um hana segir í 6. grein laganna að þann 30. janúar 1984 greiði ríkissjóður verðbætur á höfuðstól í hlutfalli við þá hækkun sem kunnir að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. janúar 1979 til 1. janúar 1984. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. febrúar 1979 reiknast verðbæturnar þó aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum. Um það hvenær skyldusparnaður teljist greiddur að fullu segir í 2. ml. 3. mgr. 5. greinar að það sé þegar fullnaðarskil hafi verið gerð á öllum þinggjöldum til ríkissjóðs samkvæmt þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði. Er ágreiningsefni aðilja það, hvort áfrýjandi hafi fullnægt umræddu skilyrði um fullnaðarskil fyrir 1. febrúar 1979 og eigi því rétt til verðbóta af skyldusparnaðarfé sínu frá 1. janúar 1979, eða hvort áðurgreind dráttarvaxtaskuld standi því í vegi.

Af þeim opinberu gjöldum, sem áfrýjanda var gert að greiða árið 1978, þurfti hann aðeins að hafa gert fullnaðarskil á þinggjöldum til ríkissjóðs ásamt skyldusparnaði fyrir 1. febrúar 1979 til að verðbætur á skyldusparnað hans yrðu reiknaðar frá 1. janúar 1979 svo sem nú var sagt. Telja verður að Gjaldheimtunni, sem fór með innheimtu allra gjaldanna, hafi verið rétt að láta einstakar greiðslur, sem áfrýjandi innti af hendi upp í gjöld sín án nánari tilgreiningar, ganga upp í þinggjöldin til ríkissjóðs og önnur álögð gjöld að réttri tiltölu. Standa lög ekki til þess að Gjaldheimtan ákvæði á sitt eindæmi að greiðslur þessar gengju að einhverju eða öllu leyti upp í einstök ákveðin gjöld áfrýjanda öðrum fremur, þannig að sá aðili, er þau gjöld átti að taka, fengi fullnaðarskil á undan hinum. Er og hér að athuga að þinggjöld áfrýjanda féllu í gjalddaga smátt og smátt á mörgum gjalddögum. Verður ekki heldur fallist á að sá háttur, sem á var hafður, hafi leitt til ólögætrar mismununar á áfrýjanda og skattgreiðendum í þeim umdæmum þar sem gjaldandi greiðir gjöld sín beint til innheimtumanns ríkissjóðs eða til sveitar-sjóðs eftir því sem hann ákveður hverju sinni.

Dráttarvaxtaskuld sú, sem um er að ræða í málinu, stafar af því að greiðslur áfrýjanda á opinberum gjöldum hans drógust fram yfir lögmæltan eindaga. Ekki liggur fyrir skýr reikningsleg greinargerð um útreikning dráttarvaxtaskuldarinnar. Ágreiningslaust er þó, að hluti hennar er vegna greiðsludráttar á þinggjöldum, ef lagt er til grundvallar, svo sem hér er gert, að rétt hafi verið farið að, er greiðslur frá áfrýjanda voru látnar ganga upp í opinber gjöld hans að réttri tiltölu.

Til að áfrýjandi teldist hafa gert fullnaðarskil á þinggjöldum sínum varð hann að hafa greitt eigi aðeins gjöldin sjálf, eftir því sem álagning sagði til um, heldur og þá dráttarvexti sem á þau höfðu fallið samkvæmt beinum lagaákvæðum. Nú átti áfrýjandi ógoldna nokkra fjárhæð vegna áfallinna dráttarvaxta af umræddum gjöldum hinn 1. febrúar 1979. Telst hann því ekki hafa verið búinn að gera fullnaðarskil á gjöldum þessum á þeim degi svo sem áskilið er í 6. grein laga nr. 3/1978. Þykir það, hvenær dráttarvextirnir voru skuldfærðir á gjaldareikning áfrýjanda hjá Gjaldheimtunni eða vitneskja áfrýjanda um gjaldfærsluna, ekki út af fyrir sig ráða úrslitum í því

efni, og þó svo væri er á það að líta að áfrýjandi hefur ekki orðið við áskorun stefnda um að leggja fram kvittun Gjaldheimtunnar fyrir greiðslunni 15. janúar 1979 sem stefndi heldur fram að hafi sýnt ógreidda skuld áfrýjanda.

Samkvæmt þessu teljum við að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Koma þá vaxtakröfur áfrýjanda ekki til úrlausnar, en þó er rétt að taka fram að við teljum vaxtavaxtakröfu hans ekki hafa næga stoð í lögum nr. 56/1979.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. desember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. nóvember sl., er höfðað með stefnu sem þingfest var 10. maí 1984 af Fálkanum hf., nnr. 2284-3044, Suðurlandsbraut 8, Reykjavík, gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 490.881,00 ásamt 15% ársvöxtum frá 1. febrúar 1984 til þingfestingardags og dómvaxta sbr. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, þannig að vöxtum verði bætt við höfuðstól á 12 mánaða fresti og málskostnaðar skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði til dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst stefndi þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök stefnanda.

Málavöxtum er þannig lýst af stefnanda, að með IV. kafla laga frá 17. febr. 1978 hafi félögum verið gert að leggja til hliðar til varðveislu í ríkissjóði fjárhæð sem hafi numið 10% af skattgjaldstekjum skattársins 1977 að viðbættum þeim varasjóðstillögum sem heimiluð hafi verið til frádráttar við ákvörðun skattgjaldsteknanna. Hafi útreikningur skyldusparnaðarinn farið fram við álagningu opinberra gjalda árið 1978 og hafi hann numið nýkr. 136.310,00. Skyldusparnaðurinn skyldi greiðast til ríkissjóðs jafnhliða þinggjöldum, skv. 3. mgr. 5. gr. laganna. Þinggjöld stefnanda árið 1978 hafi numið nýkr. 593.615,47, en auk þessa hafi verið lagt á stefnanda við almenna álagningu opinberra gjalda aðstöðugjald að fjárhæð nýkr. 116.845,00 og kirkjugarðsgjald nýkr. 2.687,43. Heildarálagning við almenna álagningu 1978 hafi þannig numið nýkr. 849.457,90.

Stefnandi kveðst hafa greitt heildarfjárhæð þessa til Gjaldheimtunnar í Reykjavík þannig:

Hinn 15.02. 1978	Nýkr.	60.038,00
Hinn 15.03. 1978	—	60.038,00
Hinn 17.04. 1978	—	60.038,00
Hinn 16.05. 1978	—	60.038,00
Hinn 15.06. 1978	—	60.038,00
Hinn 15.09. 1978	—	219.707,40
Hinn 16.10. 1978	—	109.853,50
Hinn 15.01. 1979	—	219.707,00

Nýkr. 849.457,90

Samkvæmt 6. gr.laga nr. 3/1978 skyldi ríkissjóður greiða hinn 30. janúar 1984 verðbætur á höfuðstól skyldusparnaðarins í hlutfalli við hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. janúar 1979 til 1. janúar 1984, en stefnandi telur vísitölu framfærslukostnaðar hafa hækkað úr 1234 stigum í 12544 á þeim tíma. Skv. því hefðu verðbætur ásamt höfuðstól skyldusparnaðarins numið kr. 136.310,00 x 12544/1234 eða kr. 1.385.634,00, en stefndi hafi aðeins greitt kr. 894.753,00, en sú tala fáist með því að miða við framfærsluvísitölu 1. janúar 1980. Þessa greiðslu byggir stefndi á 2. ml. 6. gr. l. 3/1978, þar sem segi að sé skyldusparnaður ekki að fullu greiddur fyrir 1. febrúar 1979 þá reiknist verðbætur aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum. Vísitala 1. janúar 1980 hafi verið 1911. Kveður hann stefnda byggja niðurstöðu sína á því að stefnandi hafi skuldað dráttarvexti nýkr. 13.188,20 af þinggjöldum og öðrum gjöldum álögdum við venjulega álagningu 1978 þar með talið skyldusparnaði og hafi skilyrðum 2. ml. 6. gr. því ekki verið fullnægt þannig að verðbætur reiknuðust frá 1. janúar 1979. Kveður hann umboðsmann stefnanda hafa kært útreikning fjármálaráðuneytisins með bréfi dags. 31. janúar 1984 en stefndi hafi hafnað sjónarmiðum stefnanda með bréfi dags. 8. mars 1984. Stefnandi hafi þá höfðað mál þetta, þar sem hann hafi ekki sætt sig við túlkun stefnda, sem hafi haft í för með sér kr. 490.881,00 lægri verðbætur honum til handa.

Stefnandi telur sig hafa fullnægt skilyrðum l. 3/1978 með því að ljúka greiðslu álagðra þinggjalda 1978 og álagðs skyldusparnaðar fyrir 1. febrúar 1979.

Samkvæmt upplýsingum Gjaldheimtunnar í Reykjavík hafi dráttarvextir verið handreiknaðir á árinu 1978 og hafi allar greiðslur fyrst gengið upp í höfuðstól. Telur stefnandi að dráttarvextir reiknaðir um áramót hafi ekki verið taldir sem skuld við ákvörðun um hvort aðilar fullnægðu skilyrðum til að fá verðbætur frá 1. janúar 1979 og ætti það sama að gilda um þá aðila sem greiddu í janúar 1979, þar sem lögin miða við 1. febrúar 1979.

Þó að fallist yrði á þá skoðun stefnda að vextir reiknaðir um áramót ættu að teljast með sem skuld, sé ósannað að tilkynning um þá hafi borist

stefnanda fyrir 1. febrúar 1979 og geti þeir því ekki talist gjaldfallnir.

Jafnvel þó fallist yrði á að dráttarvextir reiknaðir um áramót ættu að teljast sem skuld á þinggjöldum og skyldusparnaði pr. 1. febrúar 1979 sé ljóst að stefnandi hafi að fullu greitt fjárhæð sem nemi álögðum þinggjöldum og skyldusparnaði ásamt reiknuðum dráttarvöxtum af þeim, ef greiðslur sem Gjaldheimtan taki sem greiðslu upp í aðstöðugjald og kirkjugarðsgjald séu frátaldar, en Gjaldheimtunni hljóti að bera skylda til að láta greiðslur fyrst renna upp í þær skuldir sem séu skuldara hagkvæmastar skv. meginreglum kröfuréttarins, enda sé skuldara refsað fyrir vanskil með dráttarvöxtum. Stefnandi bendir á að þar sem innheimta gjalda til ríkissjóðs og sveitarfélaga sé ekki sameiginleg eins og í Reykjavík hafi vanskil á gjöldum til sveitarsjóðs ekki áhrif á útreikning verðbóta eins og hér hafi átt sér stað. Sé því ekki af hálfu ríkissjóðs unnt að mismuna skyldusparnaðargreiðendum á þennan hátt. Þá beri skv. meginreglum laga að túlka allan vafa á lögum nr. 3/1978 greiðendum í hag, þar sem löginn leggi íþyngjandi skyldur á.

Málavextir, málsástæður og lagarök stefnda:

Stefndi kveðst ekki fallast á þau sjónarmið sem fram koma í rökstuðningi stefnanda. Með lögum nr. 68/1962 hafi fyrst verið lögleidd heimild til sameiginlegrar innheimtu á gjöldum til ríkissjóðs og sveitarsjóða og annarra opinberra aðila. Lög þessi séu enn í gildi, en hafi sætt nokkrum breytingum. Einnig sé fjallað um sameiginlega innheimtu ríkissjóðs og sveitarsjóða á opinberum gjöldum í 109. gr. l. 75/1981 um tekju- og eingaskatt. Stefnandi telur ljóst að megintilgangur laga þessara sé sá að innheimta öll opinber gjöld, hverju nafni sem nefnast, í einu lagi sbr. t.d. 1. gr. hinna fyrrnefndu laga. Kröfuhafinn verði einn, í Reykjavík Gjaldheimtan í Reykjavík og gjöldin beri að líta á sem eina skuld. Það að innheimta bréf í einu lagi sé og ítrekað tekið fram í reglugerðunum nr. 95/1962 með síðari breytingum og verði þetta ekki skilið á annan veg. Hann bendir enn á það, þessari túlkun til stuðnings, að hvor aðili, ríkissjóður og sveitarsjóður, fái tiltekinn hluta hvernar einstakrar innborgunar frá gjaldanda. Þetta þýði aftur að eftir innborganir standi hlutfallslega jafnmikið eftir af álögðum gjöldum ríkissjóðs og sveitarsjóðs. Þetta sé mikilvægt enda algjör forsenda þess að sameiginleg innheimta hafi verið tekin upp. Stefnandi vísar einnig til samnings, dags. 26. maí 1962, sem gerður var milli ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur og sjúkrasamlags Reykjavíkur. Stefnandi telur að framangreind atriði leiði augljóslega til þess að sjónarmið stefnanda fái ekki staðist. Eftir eina innborgun eða fleiri verði ekki litið svo á að t.d. þinggjöld séu greidd upp að fullu en sveitarsjóðsgjöld standi eftir ógreidd. Kröfuhafinn sé einn og skuldin sé ein. Þar sem fullnaðarskil hafi ekki verið gerð á kröfunni fyrir

1. febrúar 1979, sbr. 5. og 6. gr. l. 3/1978 sé og sýnt að krafa stefnanda eigi ekki rétt á sér.

Jafnvel þótt ekki verði fallist á ofangreind sjónarmið telur stefndi að sýkna beri af eftirgreindum ástæðum. Hann kveðst ekki geta fallist á þau rök stefnanda að það sé skilyrðislaus meginregla kröfuréttarins að kröfuhafa sé skylt hverju sinni að láta innborgun af hálfu skuldara renna upp í þá kröfu, ef fleiri eru en ein, sem skuldara sé þungbærust. Hann kveðst fallast á að skuldari geti ákveðið við greiðslu upp í hvaða skuld af fleirum innborgun hans skuli ganga. Af hálfu Fálkans hf. hafi hins vegar engin yfirlýsing verið gefin, þegar innborganir áttu sér stað á árinu 1978 um að óskað væri eftir að innborganirnar gengju upp í teiltækin gjöld. Það sé regla kröfuréttar að nýti skuldari sér ekki þennan rétt til tilgreiningar á þeim tíma þegar greitt er, ráði kröfuhafi upp í hvaða skuld innborgun gengur. Telur stefnandi þetta vera meginreglu og að það þurfi alveg sérstakar aðstæður til þess að þrengja þetta val kröfuhafa. Engar slíkar aðstæður hafi verið fyrir hendi á þeim tíma er við greiðslu var tekið er þrengt geti heimildir kröfuhafa að þessu leyti. Í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli Gjaldheimtunnar í Reykjavík, samninga og venjur hafi innborganir runnið upp í öll álögð gjöld hlutfallslega.

Stefndi telur að leggja verði til grundvallar að tilkynning á dskj.nr. 5. dags. 19. jan. 1979 hafi borist stefnanda fyrir 1. febrúar s.á. Hljóti líkur að benda til þess að tæplega hálfur mánuður hafi dugað og vel það til þess að koma tilkynningunni í hendur gjaldanda. Stefndi telur þó að þetta atriði skipti engu fyrir úrslit málsins. Hér ber að hafa í huga að skattskrá sé lögð fram á hverju ári. Öll álagning sé tilkynnt opinberlega með framlagningu skattskrár, svo og með sérstakri tilkynningu til gjaldanda um álagningu á hann og um einstaka gjaldþaga skuldarinnar fram til næstu áramóta. Bréf á dskj. nr. 5 sé aðeins tilkynning um gjaldþaga á fyrirframgreiðslu árið 1979, svo og um stöðu vanskila vegna gjalda fyrra árs. Opinberar reglur gildi um það hvernig dráttarvextir séu reiknaðir. Falli dráttarvextir á, burtséð frá því hvort slíkt sé tilkynnt gjaldanda jafnóðum og þeir falla á eða ekki. Telur stefndi að sjónarmið um hið gagnstæða, sem komi fram í stefnu, verði að teljast heldur nýstárleg. Það sé gjaldanda að fylgjast með, hvenær dráttarvextir falli á skuld. Tilkynning um einstaka gjaldþaga skuldar sé send honum við álagningu og sé því handhægt að fylgjast með hvort dráttarvextir falli á eða ekki. Bendir stefndi á í þessu sambandi að skv. Gjaldheimtuspjöldum á dskj. nr. 4 megi sjá að engar greiðslur hafi átt sér stað á gjaldþögum hinn 1. nóv. og 1. des. 1978. Stefnanda hafi því verið fullljóst að óhjákvæmilega féllu dráttarvextir á skuld hans. Í janúar 1979 (15. jan.) sé einungis greidd fjárhæð, sem samsvari upphaflegri álagningu en án dráttarvaxta. Á þeim tíma sé stefnandi einnig í vanskilum með álögð gjöld, vegna viðbótarálagningar skv. l. 96/1968, en sú álagning hafi átt sér stað haustið 1978. Af þessum ástæðum hafi því farið fjarri að stefnandi

uppfyllti skilyrði 5. og 6. gr. l. 3/1978 til þess að geta talist hafa gert fullnaðarskil hinn 1. febrúar 1979 og þannig fengið verðbætur greiddar á skyldusparnað sinn árið 1979. Hann hafi ekki hirt um að greiða vanskilin fyrr en 15. mars 1979, eða 1½ mánuði of seint, svo sem fram komi á gjaldheimtuspjöldum. Auk þess hafi stefnandi, skv. upplýsingum gjaldheimtunnar, fengið í hendur kvittun sem ætti að geyma upplýsingar um eftirstöðvar ársins 1978, þar með talda dráttarvexti, við innborgun hinn 15. janúar 1979. Skorar stefndi á stefnanda að leggja fram umrædda kvittun.

Niðurstaða.

Í 3. mgr. 5. gr. l. 3/1978 um ráðstafanir í efnahagsmálum segir að skyldusparnaður teljist að fullu greiddur, þegar „fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldandans til ríkissjóðs.“ Í 6. gr. s.l. segir „sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. febrúar 1979 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. janúar næsta ár á eftir fullnaðarskilum.“ Er um það deilt í máli þessu hvort stefnanda hafi verið skylt að greiða dráttarvexti auk höfuðstóls fyrir 1. febrúar 1979 til þess að hann teldist hafa gert fullnaðarskil á öllum þinggjöldum ársins 1978. Dómurinn telur að túlka beri tilvitnuð ákvæði þannig að gjaldandinn hafi ekki gert fullnaðarskil skyldusparnaðar fyrr en áfallnir dráttarvextir væru greiddir. Þykir þessi túlkun leiða af eðli málsins og af því að lögskylt er að taka dráttarvexti af þinggjöldum séu þau eigi greidd innan tiltekins tíma eftir gjalddaga, sbr. 1. mgr. 46. gr. l. 68/1971 um tekjuskatt og eignaskatt, sbr. 8. gr. l. 60/1973 og rgl. 445/1977.

Ber þá að athuga hvort stefnanda hafi mátt vera það ljóst að dráttarvextir væru ógreiddir. Hinn 1. febrúar 1979 átti stefnandi ógreidda dráttarvexti vegna þinggjalda árs 1978, þar eð hann hafði ekki staðið í skilum á gjalddögum 1. nóv. og 1. des. 1978. Upplýst er að hann hafði greitt höfuðstól að fullu hinn 15. janúar 1979 og að viðbótarálagning skv. l. 96/1978 og breytingar á álagningu fyrri ára samt. nýkr. 126.259,00 voru taldar óviðkomandi ákvörðun um það hvort fullnaðarskil hafi verið gerð. Á þessum tíma voru dráttarvextir reiknaðir út og færðir eftir áramót. Samkvæmt upplýsingu Gjaldheimtunnar í Reykjavík voru dráttarvextir að fjárhæð nýkr. 13.188,00 færðir á innheimtuspjald stefnanda hinn 13. janúar 1979. Hinn 15. s.m. greiddi stefnandi fjárhæð sem hann taldi fullnægjandi til að ljúka skyldum sínum skv. l. 3/1978. Samkvæmt gjaldheimtuspjaldi stefnanda 1978 var saldo fyrir þá greiðslu nýkr. 358.085,29, sbr. dskj. nr. 4. Stefndi hefur skorað á stefnanda í greinargerð að leggja fram kvittun frá 15. september (sic) 1978. Á þeirri kvittun eiga að hafa verið tilgreindar eftirstöðvar skuldar gjaldanda. Samkvæmt gjaldheimtuspjaldi stefnanda ættu eftirstöðvar á greindri kvittun að hafa verið skráðar 13.837.829,00 með svörtu letri eða nýkr. 138.378,29. Stefnandi hefur ekki orðið við þessari

áskorun og telst því ósannað að kvittunin hafi ekki lýst þeim eftirstöðvum sem að ofan greinir. Þá mátti stefnandi vita að dráttarvextir væru áfallnir, þar eð hann greiddi ekki tvær greiðslur á gjalddaga. Á kvittunum Gjaldheimtunnar í Reykjavík frá þessum tíma var svohljóðandi texti prentaður: „Dráttarvextir eru reiknaðir af gjaldföllnum skuldum í samræmi við ákvæði 10. og 18. gr. l. nr. 11/1975 kvittun er gefin með fyrirvara um ófærða dráttarvexti“, sbr. dskj. nr. 11. Það er því niðurstaða dómsins að stefnanda hafi mátt vera ljós greiðsluskylda sín og beri einn ábyrgð á því að henni var ekki fullnægt fyrir 1. febrúar 1979.

Skal þá loks athugað hvort fallist verði á þau rök stefnanda að honum sé mismunað á ólögætatan hátt með því að hann greiði aðstöðugjald og kirkjugarðsgjald sem hluta af fullnaðarskilum þinggjalda árs 1978. Upplýst er að í þeim umdæmum þar sem tekjur ríkissjóðs og tekjur sveitarsjóðs voru innheimtar sitt í hvoru lagi, hafi þessi tilteknu gjöld ekki haft áhrif á greiðslustöðu gjaldanda vegna ákvörðunar verðbótaþáttar á skyldusparnað. Með l. 68/1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu, sbr. rgl. 94/1962 með breytingu nr. 100/1965, var heimilað að innheimta í einu lagi á sérstökum gjaldkheimtuseðli þinggjöld, er innheimt hafa verið samkvæmt skattreikningi, útsvör, aðstöðugjald, sjúkrasamlagsgjöld, iðnlánasjóðsgjald og launaskatt. Ekki verður séð að kirkjugarðsgjald sé meðtalið. Þau gjöld er lög og reglugerðir þannig heimila að séu innheimt í einu lagi teljast mynda sameiginlegan höfuðstól og skiptist hver innborgun gjaldanda hlutfallslega á milli gjaldflokka. Telja verður að gjaldandi, sem býr í umdæmi þar sem gjaldheimta er sameiginleg, verði að hlíta bæði kostum og göllum þessa fyrirkomulags og geti ekki ákveðið að greiða aðeins tiltekna gjaldþætti. Þar sem greiðslur ganga hlutfallslega jafnt upp í þau gjöld er þannig eru innheimt í einu lagi eru fullnaðarskil þinggjalda því ekki gerð fyrr en jafnhliða fullnaðarskilum álagðra sveitarsjóðsgjalda. Með þeirri athugasemd að ekki hafi verið heimilt að reikna kirkjusjóðsgjald (sic) með í fullnaðarskilum dæmist stefndi vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 40.000,00 í málskostnað.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Fálkans hf. í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 40.000,00 í málskostnað.